

Reykjavík, 18.01.2022

ÞON21120037

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Heimaþjónustu- og búsetukerfi Velferðarsviðs“.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Velferðarsviðs, að hefja verkefnið „Heimaþjónustu- og búsetukerfi Velferðarsviðs“ sem felur í sér innkaup og innleiðingu á nýju kerfi til að halda utan um daglegan rekstur þjónustu á vettvangi, að bæta yfirsýn starfsmanna, stjórnenda og notenda. Verkefnið er með sérstaka fjármögnun á kostnaðarstað 2021 Áhöld, tæki og hugbúnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa 80001, „Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi“. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar 2022 til maí 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 200 mkr., þar af tilheyra 70 mkr. eignasjóði á framkvæmdartímanum og 130 mkr., í rekstrarkostnað yfir 10 ára tímabil.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð.

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur.

Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Heimaþjónustu- og búsetukerfi Velferðarsviðs“.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Velferðarsviðs, að hefja verkefnið „Heimaþjónustu- og búsetukerfi Velferðarsviðs“ sem felur í sér innkaup og innleiðingu á nýju kerfi til að halda utan um daglegan rekstur þjónustu á vettvangi, að bæta yfirsýn starfsmanna, stjórnenda og notenda. Verkefnið er með sérstaka fjármögnun á kostnaðarstað 2021 Áhöld, tæki og hugbúnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa 80001, „Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi“. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar 2022 til maí 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 200 mkr., þar af tilheyra 70 mkr. eignasjóði á framkvæmdartímanum og 130 mkr., í rekstrarkostnað yfir 10 ára tímabil.

Forsaga:

Starfsfólk heimaþjónustu, stuðningsþjónustu, ýmissa teyma, þjónustuíbúða og sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk hefur verulega takmörkuð tölvukerfi eða jafnvel alls engin kerfi til að vinna í. Yfirsýn er ófullnægjandi fyrir notendur, starfsfólk, stjórnendur og fyrir þá sem móta stefnu í málaflokkunum. Starfsfólkskráir veitingu þjónustu á pappír og fer með þær upplýsingar til verkefnastjóra/teymisstjóra eða sendir þær í tölvupósti. Þeir skrá því næst upplýsingarnar í málaskrá velferðarsviðs. Víða eru samskiptabækur á pappírformi sem staðsettar eru inn á heimilum notenda þar sem fram koma viðkvæmar persónuupplýsingar. Jafnframt eru vaktaplön starfsfólks sett upp í Microsoft Excel, sem er ekki fullnægjandi viðmót fyrir vaktaplön.

Greinargerð:

Þörfin er gríðarleg og núverandi ástand óviðunandi að mati starfsfólks. Mikið ákall hefur verið til lengri tíma eftir lausn af þessu tagi. Samkvæmt áfangaskýrslu heimsóknar og heimaþjónustulausnar sem unnin var á velferðarsviði árið 2020 kemur fram að hægt sé að kalla fram mikinn virðisauka og einföldun á starfsumhverfi og starfsháttum með nýrri stafrænni lausn. Þar eru einnig skilgreind helstu markmið og þarfir velferðarsviðs, sem eru:

- Auka yfirsýn stjórnenda og starfsmanna, auðvelda ut anumhald á daglegum rekstri og skapa tækifæri til hagræðingar.
- Lausnin uppfylli þarfir félagslegrar heimaþjónustu – og þarfir ýmissa starfsstaða og teyma sem starfa innan velferðarsviðs og geta nýtt sér slíka lausn.
- Minnka handavinnu, útrýma pappír á vettvangi og tvískráningu á upplýsingum. Auka sjálfvirkni.



- Ný lausn bjóði upp á að upplýsingar í daglegri notkun verði geymdar í hugbúnaðarlausn en ekki á pappír.
- Með nýrri lausn einfaldist allar boðleiðir milli þjónustunnar, þjónustuþega og aðstandanda.
- Lausnin geti tengst upplýsingastjórnunarkerfum Reykjavíkurborgar, geti tengst Unit4/Agresso bókhaldskerfi, Sögukerfi (sjúkraskrárkerfi sem heldur utanum rafræna sjúkraskrá á Íslandi), Þjóðskrá ofl. kerfum eftir því sem við á.
- Auðvelda aðgengi skýrslugerðartóla (BI) að gögnum m.a. vegna tölfraði og gæðastjórnunar.

Ýmsar starfsstöðvar Velferðarsviðs hafa tekið upp kerfi án aðkomu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar vegna þess að stjórnendur starfsstöðva hafa þótt sig knúna til að bregðast við aðstæðum til skamms tíma. Aukinn fjöldi kerfa og lítil samræming milli starfsstöðva leiðir til aukins flækjustigs.

Verkefnið fellur vel að þeim áherslum um stafræna umbreytingu og aðgerðum í umhverfismálum sem lagðar eru fram í Græna planinu. Verkefnið fellur vel að nýrri velferðarstefnu, þar sem kveðið er á um eflingu notkunar á stafrænum lausnum til einföldunar og hagræðingar, innleiðingu einstaklingsmiðaðrar þjónustu og samræmingu þjónustustiga.

Einnig er mikilvægt að innleiða kerfi af þessu tagi til að geta tekið við gögnum úr öðrum kerfum Reykjavíkurborgar og uppfylla skilyrði eftirfarandi laga og reglna:

- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra
- Reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu
- Reglur Reykjavíkurborgar um um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir
- fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 200 mkr.

Kostnaðarstaður: 2021 Áhöld, tæki og hugbúnaður. Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi 80001. Verkbeiðnanúmer 211862.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur